



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 6. maí 2024

2405001SA VRB  
Málalýkill: 00.63

### Efni: Umsögn um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, 924. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 19. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald, 924. mál.

#### Afstaða sambandsins

Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 segir m.a.:

*Við útfærslu á kerfi framleiðendaábyrgðar verði lögð höfuðáhersla á að kerfið styðji við innleiðingu hringrásarhagkerfis. Liður í því er að auka kröfur til framleiðenda og innflytjenda um að breyta framleiðsluferlum þannig að auðveldara verði að skila vörum og umbúðum aftur inn í virðiskeðjuna, s.s. með endurnotkun eða endurvinnslu.*

Eins og fram kemur í [umsögn](#) sambandsins við áformaskjal, dags. 18. september sl. og [umsögn](#) um drög að frumvarpi, dags. 19. febrúar sl., telur sambandið að bráðabirgðaákvæði um að ákvörðun meginsöluumbúða skuli miðuð við líklegustu tegund umbúða gefa innflytjendum og tollamiðlurum færi á að greiða ekki úrvinnslugjald í samræmi við magn og þyngd umbúða. Í frumvarpinu segir að þetta eigi að girða fyrir að þessir aðilar greiði ekki úrvinnslugjald og það eigi að einfalda málin. Sambandið telur skorta rökstuðning fyrir því að þessi leið skuli farin og vill benda á að sambærilegar tilslakanir eru ekki þekktar í okkar nágrannaríkjum. Að mati sambandsins er efni frumvarpsins hvað þetta varðar því ekki í samræmi við fyrrgreinda áherslu í stefnumörkun sambandsins, þ.e. um að gerðar séu auknar kröfur til framleiðenda og innflytjenda, heldur sé frekar verið að slaka á kröfum. Ef markmið hringrásarhagkerfisins eiga raunverulega að nást sé eðlilegra að gera þá kröfu að innflytjendur hafi upplýsingar um meginsöluumbúðir svo hægt sé að flokka þær með réttum hætti við álagningu úrvinnslugjalds.

Eins og fram kemur í fyrri umsögnum um málið þá hefur um nokkurs skeið verið krafa um það frá sveitarstjórnarstiginu að fram fari heildarendurskoðun á framlengdri framleiðendaábyrgð og starfsemi Úrvinnslusjóðs. Ljóst er að víða hefur kostnaður sveitarfélaga, og þar með íbúa, varðandi meðhöndlun úrgangs aukist mjög. Það kostnaðarmat sem lagt var upp með við lögfestingu ákvæða um hringrásarhagkerfið hefur því engan vegin gengið eftir enda voru þá væntingar um að úrvinnslugjald myndi standa undir stórum hlut af þeim kostnaði sem til félli vegna laganna. Kerfið er því ekki að virka eins og lagt var upp með og nauðsynlegt að taka það til endurskoðunar.

Sambandið hefur verið í samtali við bæði umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið og Úrvinnslusjóð vegna málsins og bindur vonir við að sett verði af stað vinna við endurskoðun á kerfinu. Brýning frá Alþingi um nauðsyn á endurskoðun, t.d. í nefndarálit, myndi vera sterkur stuðningur við þann málstað.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir  
yfirlögfræðingur